

2016

Starfsáætlun 2016

SSNV ATVINNUÞRÓUN 2016

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA | [Company address]



Inngangur

Starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2016 byggir á samningi SSNV atvinnuþróunar og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðaðróun á Norðurlandi vestra, dagsettum 05. apríl 2013.

Markmið samningsins eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaðróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði SSNV, m.a. í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands vestra.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaðróunar milli samningsaðila.

Þá byggir starfsáætlunin á samþykktum og þingsköpum SSNV um leiðir til eflingar búsetuþátta og samkeppnishæfni Norðurlands vestra.

Uppbygging og efling atvinnulífs hefur um langt skeið verið mikilvægur þáttur í starfi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og samtaka þeirra. Atvinnumál eru samofin byggðamálum að því leyti að beint samhengi er milli atvinnustigs, atvinnutækifæra og íbúaþróunar. Þó fjölmargt gott hafi áunnist hafa breytingar á atvinnuháttum undanfarinna ára og áratuga m.a. leitt til neikvæðrar íbúaþróunar á Norðurlandi vestra. Mikilvægt er að sveitarfélög á svæðinu nái að skapa samstöðu um þau verkefni sem ætlunin er að vinna að í sameiningu. Mótun skýrrar stefnu, gerð áætlana, endurmat og eftirfylgni hljóta að vera lykilatriði svo vel megi til takast. Sérstök áhersla verður einnig lögð á stuðning við yngri frumkvöðla og konur en samkvæmt opinberum tölum um íbúaþróun hafa þessir hópar látið verulega undan síga í íbúaflóru svæðisins undanfarin ár. Í starfsáætlun 2016 er gert ráð fyrir að línur verði skerptar í þeim efnum. Þá verður lögð áhersla á eflingu og fjölgun nýrra atvinnutækifæra innan lykiltvinnugreina svæðisins þ.e. sjávarútvegi, landbúnaði, matvælaframleiðslu þeim tengdum og ferðaþjónustu.

Nýr samningur um Sóknaráætlun Norðurlands vestra var undirritaður 10. febrúar 2015 og er framkvæmd samningsins í höndum SSNV atvinnuþróunar. Mun þetta verkefni lita nokkuð



starfið á árinu 2016 þar sem veruleg vinna fylgir því. Í tengslum við sóknaráætlun landshluta er gert ráð fyrir umtalsverðu vinnuframlagi við utanumhald og upplýsingaöflun.

Starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2016 er unnin af framkvæmdastjóra og starfsmönnum SSNV atvinnuþróunar og staðfest af stjórn SSNV.

Í stjórn SSNV, sem jafnframt er stjórn SSNV atvinnuþróunar, eru: Adolf H. Berndsen formaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Valgarður Hilmarsson, Sigríður Svavarsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson. Tengiliður Byggðastofnunnar er Anna Lea Gestsdóttir. Framkvæmdastjóri SSNV atvinnuþróunar er Björn Líndal Traustason.

Starfsmenn SSNV atvinnuþróunar, í samtals 4 stöðugildum, eru:

Davíð Jóhannsson

Ingibergur Guðmundsson

Magnús Bjarni Baldursson

Sólveig Olga Sigurðardóttir

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Samstarfsaðilar SSNV atvinnuþróunar eru m.a. sveitarfélög á Norðurlandi vestra, Byggðastofnun, Vinnumálastofnun, Farskólinn-símenntunarmiðstöð á Norðurlandi vestra, Háskólinn að Hólum, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og önnur atvinnuþróunarfélög.



Atvinnu- og byggðapróun

Markmið

- Að taka þátt í og framkvæma opinbera stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðapróunar.
- Að vinna að markvissri kynningu landshlutans sem ákjósanlegs svæðis til atvinnuuppbyggingar, búsetukosts og áhugaverðs áfangastaðar fyrir ferðamenn.
- Að efla samstarf við mennta- og rannsóknarstofnanir.
- Að auka samstarf hagsmunaaðila og styrkja sameiginlegan vettvang og tengsl.
- Að bjóða hagnýta fræðslu til fyrirtækja og einstaklinga í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Leiðir

- Gerð sóknaráætlunar Norðurlands vestra, stefnumótun, áætlanagerð, innleiðing og eftirfylgni stjórnar og starfsmanna, varðandi helstu sameiginlegu áherslur og verkefni í atvinnu- og byggðapróun á Norðurlandi vestra.
- Framkvæmd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.
- Að halda „Dag atvinnulífsins“ á Norðurlandi vestra og veita hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar.
- Að halda þekkingarþing með þátttöku mennta- og rannsóknarstofnana svæðisins.
- Að halda námskeið og fræðslufundi fyrir einstaklinga, frumkvöðla og fyrirtæki á Norðurlandi vestra.
- Að vinna að áhersluverkefni SSNV atvinnuþróunar 2015, þ.e. markaðsátak fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki.
- Að vinna að markaðs- og kynningarátaki sem samþykkt var á Ársþingi SSNV 2015.
- Önnur samvinna við hagsmunaaðila innan svæðis og utan.



Atvinnuráðgjöf

Markmið

- Að stuðla sérstaklega að endurmenntun starfsmanna SSNV sem nýtist við atvinnuráðgjöf til einstaklinga, frumkvöðla og fyrirtækja á Norðurlandi vestra.
- Að styðja við rekstur, þróun og fjármögnun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.
- Að kynna þjónustu SSNV atvinnuþróunar fyrir íbúum, frumkvöðlum og fyrirtækjum á Norðurlandi vestra.
- Að efla tengsl við eigendur – sveitarfélögin. Að auka samstarf og samtakamátt í atvinnulífinu á svæðinu m.a. í gegnum Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra.
- Að efla stuðning við fyrirtæki sem hyggjast sækja á erlenda markaði.
- Að greina þarfir ferðaþjónustunnar varðandi þá aðstoð sem SSNV atvinnuþróun getur veitt til að bæta árangur hennar, t.d. á sviði gæðamála og vöruþróunar.
- Að endurskipuleggja atvinnuráðgjöf SSNV með stefnumótun og skipulagningu á starfi og verkefnum félagsins.

Leiðir

- Að veita einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum handleiðslu og ráðgjöf um verkefni og stoðkerfi atvinnulífs með viðtölum og fyrirtækjaheimsóknum.
- Að vinna náið með þeim einkaaðilum, ríki- og sveitarfélögum að iðnaðaruppbyggingu á svæðinu.
- Að heimsækja fyrirtæki og aðstoða við verkefni þeirra og samstarf, eftir því sem aðstæður bjóða hverju sinni.
- Að hvetja til klasamyndunar fyrirtækja sem hyggja á sókn á erlenda markaði.
- Að senda út fréttir og tilkynningar á viðeigandi markhópa, svo sem varðandi möguleika til fræðslu, fjármögnunar, samstarfs og fleira sem nýtist við rekstur fyrirtækja og verkefnastjórnun.
- Að hafa samstarf við sveitarfélög um verkefni eftir því sem við á og aðstæður bjóða.
- Að taka þátt í verkefnum og fundum á vettvangi stoðkerfis atvinnulífsins.
- Að taka saman árlega starfsáætlun og ársskýrslu SSNV atvinnuþróunar.



Nýsköpun

Markmið

- Að horfa sérstaklega til tækifæra sem miða að fjölgun atvinnutækifæra kvenna og ungs fólks.
- Að stuðla að auknum viðskiptum og samstarfi fyrirtækja og stofnana út fyrir svæðið
- Að hvetja til aukins framboðs afþreyingar í ferðaþjónustu á svæðinu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila.
- Að bjóða frumkvöðlum einstaklingsmiðaða leiðsögn eftir óskum þeirra.

Leiðir

- Að standa fyrir námskeiðum/fræðslu og miðla upplýsingum um tækifæri til nýsköpunar sem líkleg eru til að henta konum og yngra fólki.
- Að hvetja til vöruþróunar í ferðaþjónustu á svæðinu m.a. með nýtingu svæðisbundinna auðlinda og auknu samstarfi, með kynningu ferðaþjónustufyrirtækja að leiðarljósi.
- Að taka þátt í erlendu samstarfsverkefni (1-2 verkefni í gangi árlega).
- Að kynna sérstaklega verkefni sem rætur eiga að rekja til Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.
- Að gera þróunarstarfi og nýsköpun hátt undir höfði á Degi atvinnulífsins.

Búsetuþættir

Markmið

- Að vera sveitarfélögum á Norðurlandi vestra öflugur bakhjarl þegar kemur að upplýsingaöflun, málsvarahlutverki og/eða við tímabundin stærri verkefni.
- Að leggja sérstaka áherslu á kynningu á búsetukostum og rekstarumhverfi fyrirtækja á Norðurlandi vestra í samstarfi við einstaka sveitarfélög og aðra opinbera aðila, s.s. Íslandsstofu.

Leiðir

- Að aðstoða við vinnu á kynningarefni fyrir Norðurlandi vestra.



Upplýsingaöflun

Markmið

- Að fyrir liggi með aðgengilegum hætti ýmsar hagrænar upplýsingar um stöðu mála í landshlutanum.
- Að tryggja fullnægjandi aðgengi að upplýsingum er varða starfsemina og líf og störf íbúa á svæðinu.
- Að koma í veg fyrir tvíverknað varðandi samantekt upplýsinga, greiningu og framsetningu.
- Að styðja störf þeirra sem vinna með málefni og hagsmuni landshlutans.

Leiðir

- Að lögð verði sérstök áhersla á að birta upplýsingar um þróun starfa, fólksfjölda, fasteignaverð og aðra lykilþætti í búsetu og atvinnulífi á Norðurlandi vestra.
- Að yfirfara og skipuleggja aðgang að gagnagrunnum og upplýsingakerfum.

Eigin fjármögnun

Markmið

- Að auka hlut eigin fjármögnunar starfsemi SSNV atvinnuþróunar, þ.e. umfram hin hefðbundnu framlög Byggingastofnunar og sveitarfélaganna.

Leiðir

- Að sækja um verkefnastyrki og gera þjónustu- og samstarfssamninga.
- Þátttaka í erlendum og innlendum samstarfsverkefnum.



Árangursmat – Mælikvarðar

SSNV atvinnuþróun skal í starfsáætlun setja fram almenn árangursmarkmið sem t.d. geta varðað

- stofnun nýrrar starfsemi með aðkomu SSNV atvinnuþróunar
- bættu innviði sem árangur af starfi SSNV atvinnuþróunar
- aðild að samningum og samstarfsverkefnum með
 - einkaaðilum
 - opinberum aðilum
- færslur, fréttir og heimsóknir á heimasíðu.